

Umsögn um þingályktunartillögu um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana.. Þingsk.260 - 233 mál.

Það er miklvægt að heildarstefna sé mótuð á sviði vímuefnameðferðar. Einnig er miklvægt að gerðar séu rannsóknir á þeim árangri sem meðferðaraðferði skila. Því tel ég að fagna beri þessu frumvarpi.

Í því sambandi vil ég benda á sérstöðu Meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglunga að Stuðlum. Meðferðarstöðin tekur unglunga til meðferðar sem eiga við alvarlega hegðunarerfiðleika að stríða. Sumir þessara unglunga eru langt leiddir í vímuefnaneyslu, en alls ekki allir. Sumir þessara unglunga eiga í samskiptavanda án þess að vera í neyslu og nokkrir eiga afbrotaferil að baki, án þess að neyta vímuefna í þeim mæli að neyslan skýri afbrotaferil. Meðferðarstöðin sinnir því bæði vímuefnameðferð og meðferð við alvarlegum hegðunarvanda.

Meðferðarstöðin hefur einnig þá sérstöðu að ekki er krafist að unglingur sé samþykkur meðferð. Meðferðarstöðin starfar á grundvelli barnaverndarlaga. Þeir unglingar sem koma á Stuðla eru því oft mjög mótfallnir. Foreldrar geta rift meðferð en unglingi er aldeil vísað úr meðferð.


Engin önnur meðferðarstofnun á landinu tekur við mótþróafullum skjólstæðingum beint af götunni. Meðferðarheimili Barnaverndarstofu gera yfirleitt ekki kröfu um að unglingar séu samþykkir meðferð, en þeir hafa nánast alltaf farið fyrst á Stuðla og fengið greiningu og hafið meðferð sína þar. Nokkur hópur unglunga útskrifast heim eftir meðferð á Stuðlum en fer ekki á langtímameðferðarheimili.

Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu eru tvö atriði sem ég vil gera athugasemdir við:

1. Í yfirliti yfir stofnanir er ekki getið um Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglunga að Stuðlum. Þeirra er hins vegar getið í fylgiskjali. Ég á þó von á að flutningsmenn frumvarpins líti svo á að

Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglunga að Stuðlum eigi heima í upptalningu á meðferðarúrræðum, emafnið hafi fallið niður, enda eru Stuðlar umsagnaraðili um frumvarpið.

2. Fram kemur í greinargerð að komið hafi verið upp bráðamóttöku á vegum Barna- og unglिंगageðdeildar Landspítalans, Barnaverndarstofu og SÁÁ. Samningur milli ofangreindra aðila er til og hefur gerbreytt aðgengi Stuðla að þjónustu barnageðlækna. En bráðamóttaku á vegum þessara aðila hefur ekki verið komið á. Enn eru unglingar sem hafa verið í mikilli neyslu fluttir á lokaða deild Stuðla, en ekki í afvötnun á sjúkrahús. Þessi þáttur þjónustusamnings hefur ekki komið til framkvæmda því miður.



Sólveig Ásgrímsdóttir,

forstöðumaður
Meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglunga
að Stuðlum.